

SKIMUN FYRIR BRJÓSTAKRABBAMEINI



Embætti landlæknis
Directorate of Health

Boð um skimun

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna á Íslandi og árlega greinast um 260 konur með brjóstakrabbamein hér á landi. Í flestum tilvikum eru konur sem greinast eldri en 50 ára en konur á öllum aldri geta greinst með brjóstakrabbamein. Konur á aldrinum 40-74 ára fá boð í skimun fyrir brjóstakrabbameini.

Í þessum bæklingi getur þú kynnt þér betur skimunina, til að geta gert upp við þig hvort þú hefur áhuga á að taka boðinu.

Heilbrigðisyfirvöld mæla með skimuninni á grundvelli heildarmats á gagnsemi og skaðsemi. Hins vegar er mikilvægt að þú gerir sjálf upp hug þinn.

Sjálfskoðun brjósta er einnig mikilvæg forvörn. Konur sem skoða brjóst sín reglulega finna ef eitthvað er öðruvísi en það er vant að vera. Finnist hnútur við sjálfskoðun er rétt að leita til læknis.

Leitaðu ráða hjá lækni varðandi þetta boð í skimun ef þú ert þegar í meðferð eða meðhöndlun fyrir brjóstasjúkdómi.

Ef þú ert í vafa um hvenær þú fórst síðast í skimun getur þú fundið upplýsingar um það á heilsuvera.is (Sjúkraskrá /Skimunarsaga) eða fengið upplýsingar um það hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana eða Brjóstamiðstöð Landspítala.

© Embætti landlæknis,

1. útgáfa 2021.

2. útgáfa 2024.

ISBN 978-9935-9677-4-9

Leiðbeiningarnar eru byggðar á dönskum leiðbeiningum [Tilbud om screening for brystkræft](#), sem gefnar voru út af Sundhedsstyrelsen, 2023 (2. útgáfa).

Hvað er skimun?

Brjóstaskimun er rannsókn á einkennalausum konum.

Markmið skimunar er að greina krabbamein á byrjunarstigi, bjóða betri meðferðarvalkosti og koma í veg fyrir að konur látist úr brjóstakrabbameini.

Skimun er ekki óyggjandi rannsókn á brjóstakrabbameini og jafnvel þótt þú farir í skimun getur þú verið með eða fengið brjóstakrabbamein. Þar af leiðandi skaltu ávallt leita til læknis ef þú færð einkenni.

Frekari upplýsingar um hvernig þú pantar tíma í skoðun er að finna á heimasíðu Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, skimanir.is.

Viljir þú ekki fá boðsbréf í brjóstaskimun getur þú haft samband við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana eða Brjóstamiðstöð Landspítala. Ef þér snýst hugur um þá ákvörðun er alltaf hægt að hafa samband aftur og láta vita. Hægt er að panta tíma í brjóstaskimun án boðsbréfs ef liðin eru tvö ár eða meira frá síðustu skimun.

Hvaða rök eru með skimun?

- **Lægri dánartíðni vegna brjóstakrabbameins:** Einfaldari meðferð er í boði þegar krabbamein uppgötvast snemma. Þegar þú sinnir reglubundinni skimun dregur þú um leið úr hættunni á að deyja úr brjóstakrabbameini.
- **Einfaldari meðferð:** Þegar krabbamein greinist snemma eru auknar líkur á að þú getir gengist undir einfaldari brjóstaaðgerð (t.d. fleygskurð) og komist hjá eitlanámi í handarkrika.
- **Minni þörf á lyfjameðferð:** Ef meinið greinist snemma eru minni líkur á því að þú þurfir að fara í lyfjameðferð eftir aðgerð.

Hvaða rök eru gegn skimun?

- **Falskt jákvæð skimun:** Ef skimunarmyndirnar vekja grun um brjóstakrabbamein, ertu boðuð í frekari skoðun. Ýmislegt annað en krabbamein getur vakið þann grun, t.d. góðkynja breytingar í brjóstum eða þéttur brjóstvefur. Þetta kallast falskt jákvæðar niðurstöður.
- **Ofmeðhöndlun:** Við skimun gæti sést fyrirferð í brjósti, sem ella hefði ekki haft áhrif á líf þitt og því hættu á að þú fáiir meðferð sem ekki væri nauðsynleg.
- **Kvíði:** Biðin eftir svari getur valdið hræðslu og kvíða. Ráðfærðu þig við fagaðila ef þú finnur fyrir kvíða.
- **Fölsk öryggiskennd:** Þrátt fyrir að enginn grunur sé um brjóstakrabbamein eftir skimunina, er ekki útilokað að þú sért með krabbamein eða getir fengið krabbamein. Skimunarmyndin getur sýnt falska neikvæða niðurstöðu, þ.e. greinir ekki mein sem er til staðar. Því er mikilvægt að stunda reglulega sjálfsskoðun á brjóstum og vera vakandi fyrir breytingum.


Svona gengur skimunin fyrir sig

Skimunin felur í sér röntgenmyndatöku af báðum brjóstum (brjóstamyndataka). Geislafræðingar framkvæma rannsóknina en röntgenlæknar skoða myndirnar þínar. Sumar konur finna fyrir óþægindum og sársauka við skimunina vegna þess að brjóstið er klemmt saman við skoðunina en annars er rannsóknin hættulaus.

Ef enginn grunur er um brjóstakrabbamein eftir skimunina færðu þó um nýjan tíma í skimun í samræmi við skimunarleiðbeiningar.

Ef grunur er hins vegar um brjóstakrabbamein eftir skimunina færðu þó um frekari skoðun (klíníska brjóstamyndatöku).

Ef þú ert með brjóstapúða er yfirleitt ekkert mál að framkvæma brjóstaskimun, þó getur það farið eftir hvar púðinn liggur, fyrir framan eða aftan brjóstvöðvann. Í myndatökunni er mikilvægt að láta starfsmann vita af því að þú sért með brjóstapúða, þá er minni þrýstingur notaður við myndatökuna auk þess sem taka þarf fleiri myndir.



Frekari skoðun

Ef það vaknar grunur um krabbamein í kjölfar skimunar, færðu boð um frekari skoðun (klínískra brjóstamyndatöku) innan 14 daga. Læknir framkvæmir slíka skoðun, yfirleitt með ómskoðun. Hugsanlega er þörf á að taka fleiri röntgenmyndir til viðbótar og gera ástungu eða taka vefjasýni.

Ef þú afþakkar klínískra brjóstamyndatöku færðu samt sem áður boð í nýja brjóstaskimun í samræmi við skimunarleiðbeiningar.

MÖGULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÚR FREKARI SKOÐUN (Klínískri brjóstamyndatöku)

- **Engin merki um krabbamein:** Ekkert óeðlilegt kom í ljós í brjóstum þínum. Ástæða fyrir slíkum grun kann að hafa verið vegna góðkynja breytinga eða brjóstavefs sem er þéttur í sér. Þú færð aftur boð í skimun í samræmi við skimunarleiðbeiningar.
- **Þú ert með krabbamein:** Ef brjóstakrabbamein greinist verður þér vísað á lækna Landspítalans til frekari meðferðar.

PUNGAÐAR KONUR OG KONUR MEÐ BARN Á BRJÓSTI

- Ekki er mælt með brjóstaskimun hjá einkennalausum konum á meðgöngu og ekki fyrr en þremur mánuðum eftir að brjóstagjöf lýkur.

Tölfræði skimunar

Tölfræði um brjóstakrabbamein 2018-2022

- Að meðaltali greinast 260 konur með brjóstakrabbamein hér á landi.
- Meðalaldur við greiningu er 62 ár.
- Árlega deyja að meðaltali 49 konur vegna brjóstakrabbameins.

Hvar panta ég tíma í brjóstaskimun?

Tímabókanir fara fram hjá **Brjóstamiðstöð Landspítala**, fyrir konur í öllum landshlutum:

Í síma **543-9560** milli 9:00-15:30 alla virka daga. Með tölvupósti: brjostaskimun@landspitali.is

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sér um að senda boðsbréf í brjóstaskimun.

Allar niðurstöður úr skimunum berast rafrænt innan þriggja vikna inn á heilsuvera.is og island.is.

Hvar fer skimunin fram?

Á höfuðborgarsvæðinu fer skimunin fram á Brjóstamiðstöð Landspítala, Eiríksgötu 5.

Á Norðurlandi fara brjóstaskimanir fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri, inngangur C.

Einnig er skimað fyrir brjóstakrabbameini á nokkrum stöðum á landsbyggðinni á vorin og haustin. Skipulag þess má finna á heimasíðu Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, skimanir.is.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Ef þú hefur spurningar varðandi brjóstaskimanir getur þú spurt þinn lækni eða kynnt þér eftirfarandi vefsíður:
www.heilsuvera.is • Heilsugæslan og embætti landlæknis.
www.skimanir.is • Samhæfingarstöð krabbameinsskimana
www.krabb.is • Krabbameinsfélag Íslands